

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 123/2020**

**frá 25. september 2020**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/985 frá 12. febrúar 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt og hreyfla þeirra og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96 <sup>(1)</sup>.
- 2) Framseld reglugerð (ESB) 2018/985 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/96 <sup>(2)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 40c (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96) í II. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„**32018 R 0985**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/985 frá 12. febrúar 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt og hreyfla þeirra og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96 (Stjtið. ESB L 182, 18.7.2018, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/985, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 182, 18.7.2018, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB 16, 23.1.2015, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Sabine Monauni**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.